

# Virðing Hæstaréttar og glámskyggn heimildarýni

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Ég bið hæstaréttardómarana Árna Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaug Claessen, Ingibjörgu Benediktsdóttir og Markús Sigurbjörnsson afsökunar á tilvitnuðum orðum í grein frá 4. júlí sl."

Í MORGUNBLAÐINU hafa birst þrjár greinar með titlinum „Glámskyggn heimildarýni Hæstaréttar“, sú seinasta þ. 4.7.2009. Í þessum greinum sýni ég fram á að Hæstaréttardómur nr. 610/2007 er byggður á tveimur falsrökum. Í greininni 4. júlí sl. kemur fram að rétturinn notar villu í málsskjali frá 1847 í stað þess að nota frumheimild sem er málsskjal frá 1806. Rétturinn kaus með öðrum orðum, að reisa dóm sinn á skjali sem vitnar rangt í frumheimild í stað þess að styðjast við frumheimildina.

Í ljósi allra málavaxta ítreka ég að ég tel að dómur réttarins sé afglöp.

Í lok greinarinnar skrifaði ég: „Það er ekki að sjá að dómurum réttarins sé umhugað um æru sína og virðingu Hæstaréttar.“

Með tilvitnuðum orðum fór ég offari og lýsi hér með yfir að ég dreg þau til baka. Við manneskjur gerum mistök og sýnilega eru dómarar Hæstaréttar þar ekki undanskildir. Mistök mín með tilvitnuðum orðum voru að gefa í skyn að afglöp Hæstaréttar gætu verið sprottin af skeytingarleysi dómara um æru og virðingu. Auk þess voru þessi orð með engu móti til þess fallin að sýna fram á mistök réttarins.

Maðurinn er félagsvera og við komum í þennan heim með sterkar tilfinningar að láta ekki misbjóða okkur; að vera samþykkt af hópnum. Þegar að sverfur kemur í ljós að manningum er fátt dýrmætara en mannorðið, jafnvel ekki lífið sjálft. Af slíku eru sagnir frá ómunatíð og nægir hér að vitna til Íslendingasagna og harakiri austur í Japan. Í ljósi alls þessa er hægt að fullyrða að dómurum Hæstaréttar er umhugað um æru sína og virðingu Hæstaréttar.

Við þurfum á því að halda að dómstólar landsins vinni af réttisýni og hafi sannleikann að leiðarljósi. Til að svo megi vera þarf ekki einasta hæfileikafólk heldur einnig gott starfsumhverfi. Dómar í Hæstarétti eru yfir 600 á ári þannig að lauslega reiknað þarf rétturinn að úrskurða þrjú mál á hverjum starfsdegi. Er vinnuálag hæstaréttardómara of mikið? Vantar heimildir og fjárveitingar til að Hæstiréttur geti sótt sérfræðiráðgjöf t.d. í sagnfræði og fjármálum?

Ég bið hæstaréttardómarana Árna Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaug Claessen, Ingibjörgu Benediktsdóttir og Markús Sigurbjörnsson afsökunar á tilvitnuðum orðum í grein minni frá 4. júlí sl.



Tómas Ísleifsson

Ég áréttta jafnframt að ég stend að öðru leyti við hvert orð í greinunum þremur.

*Höfundur er líffræðingur.*

**Landsaðgangur** | **hvar.is**  
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM

mbl.is/Árvakur hf. © 2017 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100